

Íslensku tónlistarverðlaunin 2011

Búið er að birta tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunana 2011. En þær voru opinberaðar í Gamla bíói 16. desember s.l. Bubbi þar tilnefndur í tveim flokkum. Sem söngvari ársins vegna plötunnar Ég trúi á þig og vegna sömu plötu er hann tilnefndur sem lagahöfundur ársins. Þetta verður að teljast eðlilegt því sjaldan hefur Bubbi sungið jafn vel og á þessari plötu. Þá verða lagasmíðaðir einnig að teljast sterkar en þar hefur nú styrkur Bubba verið í svo ótal skipti.

Það er þó viðbúið að róðurinn verði erfiður enda margt góðra gripa í boði í báðum flokkum. en hér má sjá hvernig þeir flokkar líta af síðu iston.is)

LAGAHÖFUNDUR ÁRSINS (Popp, rokk)

İ Bubbi Morthens - Hefur lengi verið í fremstu röð lagahöfunda Íslands. Á þessu ári gerði hann plötuna Ég trúi á þig, með lögum anda "Soul" tónlistarinnar sem fellur vel að hans stíl.

İ Lay Low - Fyrir fyrstu alvöru íslensku plötuna hennar þar sem lög eru samin við ljóð íslenskra kvenskálda

İ Mugison - Fyrir frábær lög á íslensku sem hafa stimplað sig rækilega inn í þjóðina

İ Of Monsters And Men - Fyrir sterka innkomu í íslenskt tónlistarlíf með fersku og grípandi þjóðlagapoppi á plötunni My Head An Animal

İ Sóley - Fyrir lögin á plötunni We Sink sem er ein af betri jaðarpoppplötum ársins

SÖNGVARI ÁRSINS (Popp, rokk, jazz og blús)

İ Bubbi Morthens - Í nýjustu plötu Bubba felst áskorun sem hann stenst fullkomlega og vex sem söngvari. Soulið fellur vel að rödd Bubba og Bubbi vel að soulinu.

İ Daníel Ágúst Haraldsson - Fyrir söng með GusGus á plötunni Arabian Horse og á sviði með hljómsveitinni. Daníel hljómar betur með sveitinni en nokkru sinni áður

İ Högni Egilsson - Fyrir söng með GusGus á plötunni Arabian Horse og á sviði með hljómsveitinni. Rödd Högna bætir miklu við hljóm sveitarinnar

İ Mugison - Fyrir söng á plötunni sinni Haglél og minnisverða sviðsframkomu

İ Sigurður Guðmundsson - Fyrir frammistöðu sína á ýmsum hljómplötum og tónleikum í ár, m.a. fyrir tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Sigríði Thorlacius

İ Valdimar Guðmundsson - Fyrir sterka innkomu í tónlistarsenuna á árinu 2011. Hljómsveitin Valdimar hefur átt góðu ári að fagna, þá söng hann titillagið í Okkar eigin Osló og endar árið með útgáfu á plötunni Fjarlæg nálægð þar sem hann og Björgvinur Ívar Baldursson vinna saman í fyrsta sinn.